

Matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Reykjavík, 17. mars 2020
UST201901-277/H.R.A.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 8. nóvember sl. þar sem rekstraraðila var veittur frestur til 29. nóvember 2019 sl. til að leggja fram tímasetta áætlun um úrbætur á frávikum er fram komu í eftirliti stofnunarinnar í Matorku Fellsmúla þann 15. ágúst 2019. Þann 26. nóvember 2019 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 2.4, 3.4 og 3.5 í starfsleyfi.** Losun köfnunarefnis skal vera undir 20 kg N/ framleitt tonn og losun fosfórs undir 7 kg P/framleitt tonn. Losun næringarefna skal vera metin og koma fram í ársyfirliti. Losun eldisins á fosfór í kg P/framleidd tonn var ekki skilað fyrir árið 2017. Losun eldisins á köfnunarefni í kg N/framleidd tonn var ekki ákvörðuð í ársyfirliti fyrir 2017 né 2018. **Mat á losun köfnunarefnis 2018 barst 9. október 2019 og frávikinu telst því lokið.**
- 2. Gr. 2.7 og 3.3 í starfsleyfi.** Mörk eru til staðar hvaða áhrif frárennsli má hafa á viðtaka t.d. hámarkshitastigsbreytingar, sýrustigs og svifagna. Ekki er fylgst með áhrifum meginfrárennsli á viðtaka heldur mælt við útrás yfirfalls í viðtaka. Mæla skal svifagnir og TOC (eða COD) annað hvert ár að vetri til. Mæla skal í frárennsli, fyrir og eftir hreinsun, og í viðtaka. Niðurstaða skal berast fyrir 1. apríl sama vetur. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður bætt úr framkvæmd mælinga hitastigs og mengunarmælinga í samræmi við gr. 3.3 í starfsleyfi og niðurstöður hitastigs settar fram í mánaðarskýrslum og samantekið í ársyfirliti. Einnig verði mengunarmælingar sem framkvæmdar verði fyrir 1. apríl tilgreindar í ársyfirliti. Stofnunin bendir á að skv. gr. 3.3 í starfsleyfi skulu niðurstöður berast eftirlitsaðila fyrir 1. apríl sama vetur og sýni eru tekin. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila mælir vöktunaraðili þeirra ekki alla þá þætti sem tilgreindir eru í gr. 2.7 í starfsleyfi en unnið er að því að hvernig slíkar mælingar geti farið fram. Stofnunin fellst á ofangreint en óskar eftir að niðurstöður berist fyrir 1. apríl þó þær séu einnig settar fram í ársyfirliti.**
- 3. Gr. 3.1 í starfsleyfi.** Til staðar skulu vera teikningar af frárennsli. Í ársyfirliti voru einungis til staðar afstöðumyndir af lögnum kerja í í húsi, en ekki lögnum að viðtaka. **Með uppfærðu ársyfirliti bærust teikningar af frárennsli. Frávikinu telst því lokið.**
- 4. Gr. 3.5 í starfsleyfi.** Ársyfirlit skal innihalda niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla starfsleyfis. Samkvæmt rekstraraðila hafa einhverjar mælingar verið gerðar við útrás yfirfalls í viðtaka. Niðurstöður þessara mælinga

komu ekki fram í ársyfirliti né í þeim mánaðaskýrslum sem eftirlitsaðili hefur undir höndum. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður bætt úr umfjöllun um magn hveirrar tegundar, yfirlit yfir mælingar og skráningar í ársyfirliti v. ársins 2019.**

5. **Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni frárennslis frá eldisstöðinni sem og lífríki Minnivallalækjar skv. áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkir. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Ekki er starfað í samræmi við samþykktá vöktunaráætlun þar sem vöktun sbr. gr. 2.7 í starfsleyfi, sem kveðið er á um í áætluninni, vantar. **Ný vöktunaráætlun barst með úrbótaáætlun rekstraraðila þann 26. nóvember sl. og bíður samþykktar eftirlitsaðila.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Hulda Soffía Jónasdóttir
Sérfræðingur



Helga Rut Arnarsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands